

Stór stafaspjöld

- Bókstafir eru gerðir í tölvu og er einn bókstafur á hverju A4 blaði (bæði há- og lágstafir) Ég hafði minnstu mögulegu spássíu á síðunni og gerði starfina Century Gothic 350 pt og notaði Word Art til að hafa þá þannig að hægt væri að skrifa innan í hvern staf. Þetta prentaði ég svo út og gerði með svörtum túss pílur sem sögðu hvernig ætti að spora stafina. Síðan setti ég þetta í plöstinarvél. Töflutúss er svo notaður til að skrifa stafina.
- Einnig má prenta út stafi eftir óskum barnanna og þau geta límt innan í þá eitthvað skemmtilegt sem fellur til. Það má líka prenta stafina út á þykkann kartonpappír og stinga stafinn út með nál og krakkarnir sauma svo þann staf sem þau velja. Á plöstuðu spjöldin er einnig hægt að nota leir til að gera bókstafina.

